

Þórður Már Sigfússon
Skipulagsfulltrúi hjá Dalabyggð
skipulag@dalir.is

Efni: Skipulags- og matslýsing fyrir endurskoðun á aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016.

Vegagerðin hefur yfirfarið lýsinguna og gerir ekki athugasemdir við hana. Vegagerðin óskar eftir að fá skipulagið til umsagnar á öllum stigum. Af umferðaröryggisástæðum skal halda fjölda tenginga við þjóðveg í lágmarki og vanda útfærslu þeirra í samræmi við gildandi veghönnunarreglur. Vegagerðin óskar eftir góðu samstarfi varðandi þá þætti er snúa að starfsemi hennar. Varðandi vindmyllugarða er rétt að vekja athygli á að um óvenju viðamikla flutninga íhluta, sjá reglugerð nr. 155/2007. Flutningarnar geta kallað á breytingar á vegakerfinu, á kostnað framkvæmdaraðila, en skulu vera í fullu samráði við Vegagerðina.

Vegagerðin vekur athygli sveitarfélaga á ritinu „Vegir og skipulag“ sem unnið var af VSÓ ráðgjöf fyrir og í samvinnu við Vegagerðina og Samband íslenskra sveitarfélaga en ritinu er ætlað að stuðla að skilvirku samráðsferli við skipulagsvinnu þannig að tekið sé nægilegt tillit til samgöngumannvirkja á ábyrgð Vegagerðarinnar.

http://www.vegagerdin.is/media/upplýsingar-og-utgafa/13259_sk140615_Leidbeiningar.pdf

Vegagerðin óskar eftir fundi þar sem farið verður yfir helstu áhersluatriði Vegagerðarinnar og sveitarfélagsins varðandi málefni Vegagerðarinnar.

Virðingarfyllst,



Erna Bára Hreinsdóttir,
forstöðumaður Skipulagsdeildar